

Yfirskrift	Fundargerð stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 12 2017	12	Dagsetning	22. nóvember 2017	Tími	12:00 – 13:30
Fundarstaður	Safnahúsið við Hverfisgötu				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, ISS, (ÁG), MG, MH, KLÁ, (EB), Jóhanna Áskels Jónsdóttir og Herdís Gunnarsdóttir formaður starfskjaranefndar FFR				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 22. nóvember 2017

1. Fundargerð síðasta fundar (24. október 2017)

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Kynning á nýjum starfsmanni FFR, Jóhönnu Áskels Jónsdóttur

Formaður bauð velkomnar Herdís Gunnarsdóttir formann starfskjaranefndar FFR og Jóhönnu Áskels Jónsdóttur nýjan starfsmann FFR. Gera þarf ráðningarsamning við Jóhönnu, en hún mun formlega hefja störf hjá félaginu 2. janúar 2018.

3. Nýtt skrifstofuhúsnæði fyrir starfsmann FFR

Formaður sagði frá húsnæði sem félagið hyggst taka á leigu eftir áramót. Það er að Hverfisgötu 105 í Reykjavík og er á vegum Neytendasamtakanna. Þar er fundaraðstaða fyrir 8-12 manns, kaffiaðstaða og húsgögn, en kaupa þarf fartölvu og etv. prentara. Ákveðið var að ganga að þessu.

4. Vinna við lög FFR

KLÁ og BK sögðu frá því að vinna við breytingar á lögum félagsins sé hafin og nokkrar tillögur komnar fram. Rætt var um að breytingar sem gerðar voru á lögum um Kjararáð endurspeglit í lögum FFR eins og ástæða er til. Nauðsynlegt er að kynna breytingarnar fyrir félagsmönnum og það verður m.a. gert á jólafundi 13. desember. Þá var ákveðið að boða til framhaldsaðalfundar 25. janúar og leggja fram ný lög.

5. Staða vinnu með KMR, grunnmat starfa

Herdís Gunnarsdóttir sagði frá því að starfskjaranefnd hafi átt að rýna nýja launatöflu en að það hafi ekki verið hægt vegna þess að engin gögn hafa enn komið frá Kjara- og mannauðssýslu. Starfskjaranefnd mun þó halda áfram undirbúningi og vinna að staðlaðri fréttatilkynningu, tölfræði og fleiru. Þá þarf að hvetja félagsmenn til að senda inn umsókn um endurmat til Kjararáðs fyrir áramót. Rétt væri að setja klausu um það efst á síðu félagsins og jafnvel senda póst á félagsmenn.

Rætt var um að kynna einnig á jólafundinum tillögur um hreyfanleika og starfslok. Einnig þarf að taka saman minnisblað í samvinnu við KMR álit um önnur starfskjör, s.s. veikindarétt, lífeyrismál o.fl. og nýta til þess lögfræðilít Óskars Norðmann. Ennfremur þarf að skoða fjárveitingar til félagsins og rýna á hvaða grunni þessar tekjur eru ákvarðaðar. Óska þarf eftir skýrari upplýsingum frá KMR.

6. Framhaldsaðalfundur FFR

Framhaldsaðalfundur verður 25. janúar 2018 sbr. lið 4.

7. Önnur mál og næsti fundur

IS sagði frá vinnu í Stýrihópi stefnumörkunar á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, en hún situr þar sem fulltrúi félagsins. Hópurinn tók til starfa í júní 2016 og heldur Steinunn Sigvaldadóttir utan um vinnu hópsins. Í honum sitja Sigurður H. Helgason FJR, formaður, Ingþór Karl Eiríksson Fjárslu ríkisins, Gunnar Björnsson KMR, María Heimisdóttir fjármálastjóri Landspítalans og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og fulltrúi FFR. Helstu verkefni hópsins hefur verið stefnumótun og forgangsröðun vegna fjárhags- og mannauðskerfa ríkisins, innleiðing, áætlanagerð umfjöllun um tillögur um úrbætur. Meginvinnan hefur snúist um að ákveða forgangsröðun verkefna í því skyni að tryggja fjármögnun þeirra. Stefnan hefur verið tekin á að Orri verði áfram fjárhagsupplýsingakerfi stofnana ríkisins næstu 5-10 árin. Einstaka kerfishlutar verða uppfærðir og nýjum bætt við s.s. áætlanakerfi og fleira sem tengist LOF.

Næsti fundur verður 13. desember kl. 10 eða fyrir jólafundinn.